

Stjórnarfundur STEFs 17. október 2024 / Fundargerð - útdráttur

Stjórnarfundur var haldinn miðvikudaginn 17. október 2024 að Laufásvegi 40 kl. 10:00.

Fundarmenn: Páll Ragnar Pálsson, Hallur Ingólfsson, Hildur Kristín Stefánsdóttir, Sóley Stefánsdóttir, Magnús Jóhann Ragnarsson, Halldór Smáráson og Bragi Valdimar Skúlason. Auk þeirra sat fundinn Guðrún Björk Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri.

Gengið var til dagskrár.

- Fundargerð stjórnarfundar frá 24. ágúst svo og útdráttur lögð fram og samþykkt.
- Lit yfir starfsemina frá síðasta stjórnarfundum lagt fram. Lögð voru fram eftirfarandi skjöl undir þessum lið:
 - Minnisblað til ráðherra vegna *Tónskáldasjóðs Jóns Leifs*.
 - Skipulagsskrá *Tónskáldasjóðs Jóns Leifs*.
 - Drög að samningi við SACEM vegna Musicstart.
 - Minnisblöð SÝNar og STEFs vegna samningsviðræðna (þrjú skjöl).

Undir þessum lið urðu nokkrar umræður um framkvæmd *Íslensku tónlistarverðlaunanna*, sérstaklega hvað varðar óskir FHF um tiltekna breytingar og svör Samtóns án fulltrúa FHF.

- Niðurstaða þjónustukönnunar kynnt.

Vakti það athygli stjórnar hversu margir láta sig málefni STEFs varða og hafa skoðun á starfseminni sem látin var í ljós í nokkrum opnum svarsurningum í könnuninni. Helstu niðurstöður könnunarinnar voru eftirfarandi:

- Almenn upplifun af þjónustu. Upplifun meðlima af STEFi er almennt mjög góð. Einungis 1,89% eru ekki sátt við þjónustu STEFs. Meðlimir telja að ímynd STEFs meðal almennings hafi breyst mikið hin síðari ár, en árið 2020 töldu 53% meðlima að ímyndin væri mjög góð eða góð, þetta hlutfall fór svo upp í 59% 2022 en er nú í 67%.
- Tónleikahald. Þeir tónleikar sem meðlimir STEFs hafa komið að sl. 12 mánuði hafa í 17% tilvika komið út í tapi og einungis 30% telja að miðasala hafi gengið vel. 31% segir að það hafi beinlínis verið erfitt að selja miða á tónleikana.
- Gervigreind. Af þeim sem höfðu skoðun þá telja 38% tónhöfunda að gervigreind muni hafa neikvæð áhrif á tekjur viðkomandi sem tónhöfundur. 95% telja verk sem samin eru með gervigreind ættu að vera sérstaklega merkt, t.d. á streymisveitum og 89% telja að leita þyrfti leyfis eigenda höfundaréttarvarinna verka fyrir notkun verka sinna við þjálfun gervigreindar.

4. Skráning óvenjulega margra verka, s.s. vegna gervigreindar, gjaldtaka.

Lögð var fram tillaga að breytingu á úthlutunarreglum STEFs sem var samþykkt eftir nokkrar umræður. Stjórn mun leggja þessa tillögu í framhaldinu fyrir fulltrúaráð STEFs.

5. Þóknun fyrir nefndarstörf á vegum STEFs.

Lögð var fram tillaga sem samræmir greiðslu til þeirra er taka að sér nefndarstörf fyrir STEF eða sitja í stjórnnum sjóða f.h. STEFs. Tillagan tekur mið að mismunandi vinnuálagi í viðkomandi nefndum. Tillagan var samþykkt með minniháttar breytingu.

6. Frumflutningur – verklag – frh. frá síðasta fundi.

Í framhaldi af samþykkt síðasta stjórnarfundar, á verklagsreglum varðandi greiðslur STEFs fyrir frumflutning, héldu umræður um málið áfram og leitast var við að svara þeirri spurningu hvort nauðsynlegt væri að setja inn frekari takmarkanir á þessar greiðslur, vegna þeirra tilvika sem upp hafa komið. Eftir nokkrar umræður var ákveðið að gera ekki frekari breytingar á verklagsreglum að sinni, en áhersla lögð á að skrifstofa STEFs nýtti sér í meira mæli þá heimild sem er að finna í samþykktum reglum, um að kalla eftir sönnun á flutningi eða tilvist verka eftir því sem þörf krefur.

7. Endurbætur á Laufásvegi.

Lögð fram tillaga að breytingum innanhúss á skrifstofu STEFs, ásamt kostnaðaráætlun frá hönnuði. Er þetta í fyrsta sinn sem fenginn er hönnuður til að taka út heildarrýmið og skoða það með tilliti til útlits og hagkvæmni og hljóðvist. Fyrst og fremst er verið að skoða að búa til nýtt næðisrými í kjallaranum, svo og minniháttar breytingar á öðrum hæðum. Var tillagan samþykkt enda muni kostnaður verkefnisins dreifast á tvö ár. Stjórn ræddi einnig um nýtingarmöguleika á bílskúrnum við Laufásveginn.

8. Heiðursmerki STEFs.

Stjórn ákvað að veita við fyrsta tækifæri tilteknum aðilum heiðursmerki STEFs.

9. Tilnefning nýs stjórnarmanns í Upptökusjóð.

Nokkur nöfn voru nefnd sem mögulegir arftakar Aðalsteins Ásbergs í stjórn *Upptökusjóðs* STEFs, en hann hefur óskað eftir því að fá að láta af starfi sínu. Var framkvæmdastjóra falið að hafa samband við einn þeirra aðila sem nefndir voru og kanna hug hans til þess að taka sæti.

10. Tilnefning STEFs í *Tónlistarráð*. Staðfesting ákvörðunar sem var tekin milli funda. STEF tilnefndi í Tónlistarráð Braga Valdimar Skúlason – og Hildi Kristínu Stefánsdóttur til vara.

11. Stofnun *Tónskáldasjóðs Jóns Leifs*. Staðfesting ákvörðunar sem var tekin milli funda. Stofnfundur þessa nýja sjóðs var haldinn þann 10. október sl. með fulltingi *Tónskáldafélags Íslands* og skiptastjóra dánarbús Leifs Leifs. STEF leggur 100 þúsund kr. til stofnunarinnar, auk þess að bjóða upp á skrifstofuaðstöðu og umsýslu með sjóðnum eftir því sem hentar.
12. Önnur mál .

Ekki voru fleiri mál fram borin. Fundi var slitið kl. 12:45.

STEF – THE COMPOSERS' RIGHTS SOCIETY OF ICELAND

Laufásvegur 40 / 101 Reykjavík / Iceland

Tel.: +354 561 6173